



383. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn á nefndasviði Alþingis þann 12. október 2011. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Þráinn Bertelsson, Valgerður Bjarnadóttir, Sigurður I. Jóhannsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Ólafur Örn Haraldsson og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Ragna Árnadóttir, Margrét Hallgrímsdóttir og Ásborg Arnþórsdóttir mættu vegna 1. dagskrárliðar.

Hjörleifur Stefánsson mætti vegna 2. dagskrárliðar.

Þetta gerðist;

1. Hugmyndaleit.

Formaður dómnefndar, Ragna Árnadóttir þakkaði fyrir það traust að hafa verið valin til að leiða dómnefnd Hugmyndaleitar. Meðdómendur hennar voru Margrét Hallgrímsdóttir, Ásborg Arnþórsdóttir, Andri Snær Magnason og Haraldur Sigurðsson.

Ragna rifjaði upp helstu atriði leitarinnar. Leitað var til almennings eftir hugmyndir varðandi Þingvelli og var lagt upp með að þátttakendur skiluðu hugmyndum sínum á 1-4 blaðsíðum. Alls bárust 102 tillögur. Margar tillögur voru vel útfærðar og sættist dómnefnd á að veita viðurkenningu fyrir fimm verðlaunatillögur.

Dómnefndin ákvað að veita viðurkenningar fyrir tillögur sem gæfu til kynna breidd og anda þjóðgarðsins. Margskonar tillögur komu fram, eins og um samgöngur og stígagerð, vikingastemningu, um Þingvallavatn, siglingar, veitingar, sýningar, skiltagerð og merkingar osfrv.

Dómnefndin hefur nú lokið störfum og mun tilkynna um verðlaunahafa Hugmyndaleitar þann 21. október í ráðhúsi Reykjavíkur.

Formaður ÞVN þakkar dómnefnd fyrir vel unnin störf, og tóku þau Ragnheiður Elín og Sigurður Ingi undir það.

Ragnheiður Elín óskar eftir að dómnefnd útbúi yfirlit yfir tillögur sem bárust hugmyndaleitinni og sendi til nefndarmanna.

Allar tillögur Hugmyndaleitar verða hengdar upp í ráðhúsinu og mun sýning á þeim hefjast þann 18. október og verða til og með 23. október. Þær verða síðan birtar á vefsvæði Þingvallanefndar.

Þann 22. október verður haldin Hugmyndasmiðja um Þingvelli í ráðhúsinu og er hún öllum opin.

2. Almagnagjá og framkvæmdir þar.

Lögð var fram skýrsla Páls Einarssonar jarðeðlisfræðing ásamt glærum frá Hjörleifi Stefánssyni.

Hjörleifur fór yfir nokkur atriði varðandi nýju gjóturnar í Kárastaðastíg. Upphaflega var fyllt upp í Almagnagjá með mól, grjóti og ofaníburði og við uppgröft undanfarnar vikur var ákveðið að hreyfa ekki við öðru en því sem talið var fullvíst að væri af mannavöldum.

Hjörleifur sýndi tillögu að göngubrú sem myndi verða aflíðandi af útsýnispallinum á Hakinu og niður Kárastaðastíginn. Af brúnni væri hægt að horfa ofan í sprungurnar sem hafa komið í ljós undanfarnar vikur en nákvæm staðsetning á brúnni eða gerð er ekki tilbúin.

Umræðu frestað.

Ragnheiður Elín yfirgefur fundinn kl.12.45.

3. Hakið – nauðsyn endurskoðunar á deiliskipulagi og aðkomu.

Frestað

4. Önnur mál

- Hraunstígur 1.

- Lögð fram skýrsla frá Reyni Bergsveinssyni minkabana.

- Lagt fram bréf til Umhverfissráðherra.

Frestað

Fundinum var frestað kl.12.55 vegna þingflokksfunda og honum fram haldið föstudaginn 14. október á sama stað kl. 9.30.

Þá voru mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Sigurður I. Jóhannsson, Björgvin G. Sigurðsson, Ólafur Örn Haraldsson og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Hjörleifur Stefánsson arkitekt mætti vegna 2. dagskrárliðsins.

Formaður setti fund og var ákveðið að geyma frekari umræður um 2. dagskrárliðar til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9.35.